

Dagný Hauksdóttir

Frá: Ívar Unnsteinsson <ivar.unnsteinsson@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 10. júní 2026 17:02
Til: Dagný Hauksdóttir
Afrit: Rannveig Ísfjörð
Efni: Re: Grenndarkynning Goðahraun 3

Sæl Dagný,

Ég ætla ekki að senda inn frekari athugasemdir um byggingaráformin að svo stöddu. Mér er gert ókleift að meta málið fyrr en Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur skorið úr um afhendingu gagnanna.

Það vantar alla pappíra og skýringar á því af hverju byggingarreitnum á lóðarblaðinu var breytt án þess að það færi í gegnum eðlilega stjórnarsýslumeðferð.

Ég fer fram á að Umhverfis- og skipulagsráð fresti því að afgreiða málið þar til þessi gögn liggja fyrir.

Ef ráðið keyrir þetta í gegn á þessum forsendum, sendi ég málið til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála með kröfu um að allar framkvæmdir verði stöðvaðar.

Ég óska eftir að fá niðurstöðu málsins senda að fundi loknum.

Kv Ívar Unnsteinsson

On Wed, 10 Jun 2026, 16:38 Dagný Hauksdóttir, <dagny@vestmannaeyjar.is> wrote:

Sæll Ívar,

Kærumálið sem þú lagðir fram um meðferð upplýsinga er í farvegi hjá Úrskurðarnefnd um upplýsingarmál.

Ferli grenndarkynningarinnar heldur áfram og verður erindi um umsókn um byggingarleyfi og fyrirliggjandi athugasemdir tekið fyrir á næsta fundi Umhverfis- og skipulagsráðs á þriðjudaginn.

Er þú vilt koma á framfæri athugasemdum sem snúa að fyrirhuguðum byggingaráformum við Goðahraun 3 og möguleg grenndaráhrif þá hefur þú út morgundaginn til að gera það.

Kær kveðja, Dagný

Frá: Ívar Unnsteinsson <ivar.unnsteinsson@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 9. júní 2026 16:08
Til: Dagný Hauksdóttir <dagny@vestmannaeyjar.is>
Afrit: Rannveig Ísfjörð <rannveig@vestmannaeyjar.is>
Efni: Re: Grenndarkynning Goðahraun 3

Sæl Dagný, takk fyrir þetta.

Þar sem þetta mál er nú þegar í formlegum farvegi hjá Úrskurðarnefnd um upplýsingamál, tel ég réttast að bíða eftir afstöðu nefndarinnar áður en ég tjá mig frekar um byggingaráformin.

Kv. Ívar

On Tue, 9 Jun 2026, 15:55 Dagný Hauksdóttir, <dagny@vestmannaeyjar.is> wrote:

Sæll Ívar,

Næsti fundur Umhverfis- og skipulagsráðs verður þriðjudaginn 16. júní.

Ef þú villt koma á framfæri frekari athugasemdum vegna grenndarkynningar eða mäsmeðferðar vegna byggingaráforma við Goðahraun 3 þá hefður frest til og með fimmtudagsins 11. júní.

Kær kveðja, Dagný

Frá: Ívar Unnsteinsson <ivar.unnsteinsson@gmail.com>
Sent: mánudagur, 1. júní 2026 08:41
Til: Dagný Hauksdóttir <dagny@vestmannaeyjar.is>
Afrit: Rannveig Ísfjörð <rannveig@vestmannaeyjar.is>
Efni: Re: Grenndarkynning Goðahraun 3

Flott er, takk fyrir

Kv Ívar

On Mon, 1 Jun 2026, 08:39 Dagný Hauksdóttir, <dagny@vestmannaeyjar.is> wrote:

Sæll Ívar,

Vegna kosninganna er hlé á fundarstörfum umhverfis- og skipulagsráðs og dagsetning fyrir næsta fund hefur ekki verið ákveðin.

Fyrsti fundur bæjarstjórnar er 3. júní og þá verður skipað í ráð. Í kjölfarið mun nýr formaður ráðsins ákveða dagsetningu fyrir fyrsta fund. Ég læt þig vita þegar dagsetning fyrir fyrsta fund er ákveðin.

Kær kveðja, Dagný

Frá: Ívar Unnsteinsson <ivar.unnsteinsson@gmail.com>

Sent: föstudagur, 29. maí 2026 21:42

Til: Dagný Hauksdóttir <dagny@vestmannaeyjar.is>

Afrit: Rannveig Ísfjörð <rannveig@vestmannaeyjar.is>

Efni: Re: Grenndarkynning Goðahraun 3

Sæl Dagný,

Hvenær verður málið varðandi Goðahraun 3 tekið fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsráðs? Ég óska eftir nákvæmri dagsetningu.

Kv. Ívar

On Wed, 27 May 2026, 16:05 Dagný Hauksdóttir, <dagny@vestmannaeyjar.is> wrote:

Sæll Ívar,

Það eru til tölvupóst samskipti byggingarfulltrúa við hönnuði um útfærslu mannvirkjanna. Þeir tölvupóstar snúa ekki að lóðamörkum eða byggingarreitum. Það er því ekki verið að halda frá þér gögnum, heldur hafa þér verið afhend öll gögn sem til eru um málið.

Ef þú skoðar mæliblöðin sem ég sendi og berð saman við grunnflöt á aðalupprætti þá sérðu að byggingarreiturinn er innan þeirra marka sem sýnd eru á útgefnu mæliblaði.

Þessi samskipti verða lögð fram sem opinbert fundargagn á næsta fundi Umhverfis- og skipulagsráðs. Teljir þú að haldið sé frá þér upplýsingum get ég ekki aðhafst frekar hvað það varðar og þú getur leitað til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Kær kveðja, Dagný

Frá: Ívar Unnsteinsson <ivar.unnsteinsson@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 27. maí 2026 15:53
Til: Dagný Hauksdóttir <dagny@vestmannaeyjar.is>
Afrit: Rannveig Ísfjörð <rannveig@vestmannaeyjar.is>
Efni: Re: Grenndarkynning Goðahraun 3

Sæl Dagný,

Það er mótsögn í svörum þínum. Þú staðfestir fyrst tilvist tölvupóstsamskipta en fullyrðir svo í næsta pósti að öll gögn hafi verið afhent.

Málinu verður vegna þessa vísað formlega til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Ég krefst þess að þessi póstur verði lagður fram sem opinbert fundargagn á næsta fundi Umhverfis- og skipulagsráðs, svo nefndarmenn hafi rétta mynd af því að lögmætum gögnum málsins sé haldið eftir af hálfu embættismanna og að málið sé komið í formlegan kærufarveg.

Einnig krefst ég þess að afgreiðslu málsins hjá ráðinu verði frestað þar til Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur kveðið upp úrskurð sinn.

Kv. Ívar Unnsteinsson

On Wed, 27 May 2026, 15:24 Dagný Hauksdóttir, <dagny@vestmannaeyjar.is> wrote:

Sæll Ívar,

Þér hafa verið afhend öll gögn sem tengjast þessum málum.

Umsögn þín og erindi verður tekið fyrir á næsta fundi Umhverfis- og skipulagsráðs.

Kær kveðja, Dagný

Frá: Ívar Unnsteinsson <ivar.unnsteinsson@gmail.com>

Sent: miðvikudagur, 27. maí 2026 12:26

Til: Dagný Hauksdóttir <dagny@vestmannaeyjar.is>

Efni: Re: Grenndarkynning Goðahraun 3

Sæl Dagný

Ég ítreka gagnaósk mína,

2. Öll skjalfest samskipti og fundargerðir innan Vestmannaeyjabæjar, sem og við

hönnuð eða lóðarhafa, er varða þessar breytingar.

Þessar breytingar á byggingarreitum og lóðamörkum hafa varla verið gerðar án samskipta við tengda aðila sem og starfsmenn bæjarins. Samkvæmt upplýsingalögum á ég skýran rétt á að fá öll þessi samskipti afhent í heild sinni, frumgögn ekki samantekt, að engu undanskyldu.

Kv Ívar Unnsteinsson

On Wed, 27 May 2026, 11:52 Dagný Hauksdóttir, <dagny@vestmannaeyjar.is> wrote:

Sæll Ívar:

Þetta er það sem þú óskar eftir:

1. Öll ný drög, lóðarblöð eða mæliblöð fyrir Goðahraun 3, 5 og 7.

Þú hefur fengið afhent:

- Mæliblöð fyrir Goðahraun 3 og 5.
- Lóðarleigusamning fyrir Goðahraun 7 sem sýnir lóðarblað (merkjalýsingu) á loka síðu. Goðahraun 7 er byggt árið 1984 og því finnst ekki mæliblað frá þeim tíma.

Önnur gögn hafa ekki verið gefin út fyrir þessar lóðir.

2. Öll skjalfest samþykki og fundargerðir innan Vestmannaeyjabæjar, sem og við hönnuð eða lóðarhafa varðandi þessar breytingar.

Ég set hér í viðhengi tölvupósta sem byggingarfulltrúi sendi lóðarhöfum við Goðahraun 3 og 5 þar sem mæliblöð sjást í viðhengi.

Fundargerð þar sem samþykkt var að senda aðaluppdrætti fyrir Goðahraun 3 í grenndarkynningu má finna hér:

<https://ibuagatt.vestmannaeyjar.is/meetingsearch/DisplayMeeting.aspx?id=PAwFibjOOUa7wxrk8fgKIA1&text=Go%F0ahraun%203>

Það eru til samskipti í tölvupóst sem bárust á meðan unnið var að teikningunum. Það eru ekki opinber gögn en við getum líklega deilt því sé þess óskað.

Hvaða breytingar áttu við? Mæliblöð fyrir Goðahraun 3 og 5 voru fyrst gefin út eftir að lóðirnar voru úthlutaðar árið 2025. Þeim hefur ekki verið breytt frá því.

Kær kveðja, Dagný

Frá: Ívar Unnsteinsson <ivar.unnsteinsson@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 26. maí 2026 14:44
Til: Dagný Hauksdóttir <dagny@vestmannaeyjar.is>
Efni: Re: Grenndarkynning Goðahraun 3

Sæl Dagný,

Ég tel að athugasemdir mínar og kröfur séu þegar fyllilega skýrar í þeim erindum sem frá mér hafa komið í þessu máli.

Það er alveg skýrt og afmarkað hvað ég er að biðja um í gagnaósk minni, og ég þarf þessi gögn til að geta varið hagsmunum mína. Ef ég fæ ekki þessi gögn afhent mun ég senda málið áfram til úrskurðarnefndar.

Kv. Ívar Unnsteinsson

On Tue, 26 May 2026, 10:56 Dagný Hauksdóttir, <dagny@vestmannaeyjar.is> wrote:

Sæll Ívar,

Það er sjálfsagt mál að leggja fram þennan tölvupóst og fylgigögn málsins fram fyrir Umhverfis- og skipulagsráð. Þú getur einnig komið á framfæri frekari athugasemdum.

Deiliskipulag er formlegt skipulagsskjal fyrir heilt svæði sem lýsir því hvernig land er nýtt, hvar lóðir liggja, byggingarmagn og hæðir og staðsetning húsa. Deiliskipulag er almennt bindandi fyrir framkvæmdir og byggingarleyfi og setur reglurnar og ramman fyrir uppbyggingu svæðisins. Lóðarblaði er ætlað að vera meira tæknilegt og ítarlegt skjal fyrir eina lóð sem er nýtt við hönnun og umsókn um byggingarleyfi. Eins og fór yfir í yfirlitinu sem ég sendi þá er deiliskipulag svæðisins nokkuð gamalt og segir ekki mikið til um leyfilegar byggingarheimildir, auk þess sem áður hefur verið farið út fyrir byggingarreiti lóðanna.

Byggingarfulltrúi gefur því út lóðarblöð með byggingarreitum sem samsvara húsum og byggingarlínum sem fyrir eru á svæðinu. Gögnin sem send eru til lóðarhafa, eru því lóðarblöð og tölvupóstur byggingarfulltrúa með lóðarblöðum. Þegar aðaluppdrættir liggja fyrir fer málið

fyrir Umhverfis- og skipulagsráð sem í tilfelli Goðahraun 3 samþykkir að senda aðaluppdrætti í grenndarkynningu.

Meðfylgjandi er lóðarblað sem var gefið út fyrir Goðahraun 13, 3 og 5.

Meðfylgjandi er einnig lóðarleigusamningur fyrir Goðahraun 7.

Hér er fundargerð Umhverfis- og skipulagsráðs þar sem samþykkt er að senda erindið í grenndarkynningu.

<https://ibuagatt.vestmannaeyjar.is/meetingsearch/DisplayMeeting.aspx?id=PAwFibjOOUa7wxrk8fgKIA1&text=Go%F0ahraun%203>

Eru frekari upplýsingar sem þú óskar eftir?

Eins og sjá má á lóðarblaði sem Goðahraun 13 var afhent er gert ráð fyrir að vesturhluti byggingarreits Goðahrauns 3 og 13 sé í byggingarlínu til vesturs. Þar sem Goðahraun 13 var fyrsta húsið í byggingarlínunni til vesturs var byggingarlína til vesturs ekki talin bindandi og samþykkt að stækka byggingarreitinn til vesturs. Almennt er leitast við að byggingarreitir séu í byggingarlínu meðfram vegum, sjá t.d. austur byggingarlínu við Goðahraun 16, 22 og 34 handan götunnar. Þegar byggingarreitur fyrir Goðahraun 13 er stækkaður til vesturs er því staðsett byggingarlína fyrir götuna, þ.e. fyrir Goðahraun 13, 2 og 3. Þegar að lóðarblað fyrir Goðahraun 2 og 3 eru útbúin taka þau mið af þessari byggingarlínu.

Ef að ég skil þig rétt, þá gerir þú athugasemd við að þegar lóðarblað fyrir Goðahraun 3 geri ráð fyrir að byggingareitur til vestur í byggingarlínu við Goðahraun 13. Heldur ætti byggingarreitur fyrir Goðahraun 3 að vera sama stað og drög að honum eru sýnd á lóðarblaði fyrir Goðahraun 13, áður en að byggingarreitur við Goðahraun 13 var stækkaður til vesturs. Er það rétt skilið? Ef svo er þá verður sú athugasemd lögð fram til Umhverfis- og skipulagsráðs sem tekur afstöðu til málsins.

Kær kveðja, Dagný

Frá: Ívar Unnsteinsson <ivar.unnsteinsson@gmail.com>

Sent: mánudagur, 25. maí 2026 20:54

Til: Dagný Hauksdóttir <dagny@vestmannaeyjar.is>

Efni: Re: Grenndarkynning Goðahraun 3

Sæl Dagný,

Samkvæmt lögum telst yfirlitið sem þú sendir ekki lögmæt afgreiðsla á gagnaósk minni. Ég ítreka kröfu mína um að fá afhent öll þau frumgögn sem óskað var eftir í upphaflegri gagnaósk minni á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012, en ekki samantekt sem tekin er saman eftir á.

Byggingarlína Goðahrauns 13 getur ekki verið fordæmisgefandi fyrir breytingar á Goðahrauni 3. Samkvæmt skipulagslögum og stjórnsýslulögum ber bænum skylda til að leggja sjálfstætt mat á hagsmuni og réttindi nágranna í hverju einstöku máli.

Bærinn afhenti mér opinber lóðarblöð sem ég fór eftir í góðri trú. Með því sköpuðust réttmætar væntingar um skipulag svæðisins. Íbúar bæjarins verða að geta treyst þeim gögnum og upplýsingum sem koma frá stjórnsýslu bæjarins. Það lýsir ekki vönduðum stjórnsýsluháttum ef bærinn gefur út upplýsingar en breytir þeim svo einhliða eftir á.

Þar sem athugasemdarfresturinn rennur út í dag, 25. maí, og bærinn hefur ekki enn afhent umbeðin frumgögn, krefst ég þess að afgreiðslu málsins verði frestað í umhverfis- og skipulagsráði þar til gögnin liggja fyrir og mér verður veittur nýr frestur.

Ég fer fram á að þessi tölvupóstur verði lagður fram sem formlegt erindi og tekinn með sem gögn málsins þegar það verður tekið fyrir á næsta fundi.

Vinsamlegast staðfestið móttöku póstsins.

Ívar Unnsteinsson

On Sat, 23 May 2026, 16:55 Dagný Hauksdóttir, <dagny@vestmannaeyjar.is> wrote:

Sæll Ívar,

Við sjáum umsögnina í Skipulagsgátt.

Til upplýsinga þá hefur athugasemdarfresturinn verið framlengdur til og með 25. maí 2026.

Ég gerði stutt yfirlit til að svara athugasemdum þínum varðandi breytingar á lóðarmörkum og byggingarreitum. Vonandi varpar þetta ljósi á málin.

Kær kveðja, Dagný

Frá: Ívar Unnsteinsson <ivar.unnsteinsson@gmail.com>

Sent: mánudagur, 18. maí 2026 13:25

Til: Dagný Hauksdóttir <dagny@vestmannaeyjar.is>


Efni: Grenndarkynning Goðahraun 3

Sæl Dagný

Ég hef skilað inn athugasemd vegna Goðahrauns 3 í skipulagsgáttina. Netfangið mitt fylgir ekki með í því skjali en það má senda á mig umbeðnar upplýsingar á þetta netfang:

ivar.unnsteinsson@gmail.com

Kveðja Ívar



Bestu kveðjur,

Dagný Hauksdóttir

Skipulags- og umhverfisfulltrúi

Umhverfis- og framkvæmdasvið

Sími: 488 2000

Netfang: dagny@vestmannaeyjar.is

Ráðhús, Kirkjuvegur 50

900 Vestmannaeyjar

<https://www.vestmannaeyjar.is/>

| | | | | | | | | | Þessi tölvupóstur kann að innihalda trúnaðarupplýsingar. Sjá nánar í [fyrirvara Vestmannaeyjabæjar](#).